


Sissú og Móttaka ljóss: „Ef málverk sem ég geri fjallar um manneskj una...“

Myndlist

Í málverkinu finn ég það jafnvægi sem ég sækist eftir að hafa sem manneskja

Sigþrúður Pálsdóttir, Sissú, sýnir á Kjarvalsstöðum

Á laugardaginn opnar Sissú, Sigþrúður Pálsdóttir, málverkasýningu í Kjarvalssal, Kjarvalsstöðum. Þetta er fjórða einkasýning Sigþrúðar síðan hún lauk B.A. prófi frá The School of Visual Arts í New York vorið 1982.

Sissú er fædd 1954, í Reykjavík. Hún hóf myndlistarnám sextán ára, við Bergenholz Reklame Fagskole í Kaupmannahöfn, – þar var aðallega unnið með útstillingar og skreytingar, – segir Sissú, – en ég hafði ekki úr miklu að velja, með samasem enga undirstöðumenntun, og þar að auki var ég jafnvel of ung til að komast inn í myndlistarskóla eins og til dæmis Kunsthåndværkerskolen. – Eftir ársdvöl í Kaupmannahöfn fór Sissú til náms í Perugia á Ítalíu, við Universita Per Stranieri, 1972-1973.

1974 varð hún fyrir slysi og lenti í hjólastól, – og þá varð eiginlega fjögurra ára hlé frá námi vegna endurhæfingar, – segir hún, – eins tók aðlögunin að hjólastólnum sinn tíma. – 1977 fór hún svo til New York, var við nám við The Arts Students League til 1978, og við The School of Visual Arts 1979-1982.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru um 40 málverk, flest unnin í olíu á striga, og engin eldri en ársgömul.

Eru þessi málverk í einhverjum ákveðnum stíl, eða kennd við einhverja sérstaka stefnu?

– Þau eru allflest fígúratív, – segir Sissú, – þau fylgja engri ákveðinni stefnu, og eru mörg hver mjög ólík innbyrðis. Þau eiga það helst sameiginlegt að vera máluð af sömu manneskjunni. Ég hef ekki unnið þessa sýningu sem heild, heldur hverja mynd fyrir sig, og byrjaði ekki að hugsa um það fyrir alvöru að ég væri að mála fyrir sýningu fyrr en um síðustu áramót.

– Þegar sýningunni sem ég var með í Útópíu í apríl eða maí í fyrra lauk, voru flutningar framundan, svo ég byrjaði ekki strax að mála. En ég fékk tilkynningu um að ég hefði fengið Kjarvalssalinn á meðan á þeirri sýningu stóð. En ástæðan fyrir því að ég sýni á Kjarvalsstöðum er að það er eini salurinn í Reykjavík sem er aðgengilegur fyrir mig, og þar sem ég þarf ekki að fá hjálp við hverja hreyfingu af því að ég er í hjólastól. Í hinum sölunum er allsstaðar einhver fyrirstaða, og það þarf ekki að vera mikið til að ég geti ekki athafnað mig hjálparlaust og það finnst mér ómögulegt. Mér finnst ekki hægt að vera með sýningu þar sem ég þarf að fá hjálp við hvert handtak.

Hefur orðið einhver breyting á þínum stíl síðan þú varst með síðustu sýningu, eða eru myndirnar sem þú sýnir núna í beinu framhaldi af þeim sem þú hefur verið að gera undanfarin ár?

– Þær eru ekki eins lausar og expressjónístískar, eða kannski nýja-málverkslegar og þær sem ég málaði áður. Þó ég hafi aldrei beint verið í nýja málverkinu voru mínar myndir gerðar í einu handtaki og síðan ekki snertar meir. – Núna finnst mér skemmtilegra að mála en nokkru sinni fyrr, það er orðið léttara, ég á auðveldara með mig í málverkinu en áður. Ég þarf í það minnsta ekki að streða við að finna út hvernig ég eigi að gera hlutina, ég geri þá bara. Mér finnst ég vera orðin sannari í því sem ég er að gera. En ég velti mér ekki upp úr stefnum, eða rembist við að ákveða hverrar tegundar málverkin eru, slíkt finnst mér algjört aukaatriði.

Finnst þér þú vera undir áhrifum af einhverju sérstöku í þínu umhverfi, er eitthvað ákveðið sem þú ert að velta fyrir þér eða reynir að túlka?

– Nei, eiginlega ekki, því mér finnst allskonar áhrif og allskonar stefnur vera í gangi í dag, og frekar sálarsveiflur en stílsveiflur í loftinu. Nú hef ég búið og málað hér í Reykjavík í fimm ár, og mér finnst ég aðallega vera undir áhrifum sjálfrar mín, míns nánasta umhverfis og þess sem er að gerast í þjóðfélaginu í dag, þó að ég tjái það ekki frá neinu myndrænu sjónarmiði. Ég held að ef ég túlki einhver áhrif í mínum myndum séu þau helst frá því sem ég les, eða er að velta fyrir mér þá og þá stundina.

Hvað með málverkið sem þú ert með við hliðina á þér á myndinni?

– Það heitir Móttaka ljóss, og er að vissu leyti það sem ég upplifi með trúarvangaveltum, – ekki hugleiðingum um trúmál heldur um tilgang mannsins og jafnvel frið í heiminum. Mín málverk eru mínar hugleiðingar og þar finn ég það jafnvægi sem ég sækist eftir að hafa sem manneskja í mínu daglega lífi.

MENNING

Umsjón: Lilja Gunnarsdóttir

Geturðu lýst því hvernig þú byrjar á málverki, hvernig þú færð þínar hugmyndir eða hvernig þú byrjar að vinna úr þeim?

– Að vissu leyti er maður eins- og smiður, eða verkamaður. Þetta er verkleg vinna, ég byrja á að strekkja strigann, og oft byrja ég á mörgum myndum í einu, og er þá líka að teikna, lesa, og hugleiða eitthvað um leið. Svo þróast myndin stig af stigi, vandamálið er ekki að fá hugmyndir heldur hvað af hugmyndunum ég nota. Ég er kannski stórtæk í upphafi, með stórbrotnar hugmyndir sem er erfitt að framkvæma, en þegar ég er fyrir framan strigann er ljóst hvað úr hugmyndinni verður, og hvað mikið af henni er hægt að framkvæma.

– Ég teikna til dæmis daglega í litlar bækur, og þar skrifa ég líka hjá mér hugmyndir af einhverju sem ég vildi kannski framkvæma, en þessa hugmyndir skila sér allt öðruvísi en þær voru upphaflega. Þetta er spurning um þróun, í einhverju tímaleysi þar sem ég vinn með formið og kemst að því hvað ég vil gera með það. Stundum tekur þessi þróun mjög stuttan tíma, stundum lengri, en það bætist alltaf eitthvað nýtt inní við vinnsluna. Svo lærir maður af reynslunni.

– En ég get gefið þér dæmi af hugmynd sem ég krotaði hjá mér og er ein af þeim sem getur mjög vel verið upphaf málverks: Ef málverk sem ég geri fjallar um manneskjuna (sem það yfirleitt gerir) – þá er það ekki um það hvort hún hafi 10 tær, beinagrind, vöðva, æðar + ótal líffæri...

Sýningin í Kjarvalssal opnar kl. 14:00 laugardaginn fyrir páska og verður opin daglega kl. 14:00-22:00 til 17. apríl.

LG

Gallerí List

Eydís og Daði sýna keramik

Í dag kl. 14:00 opna Eydís Lúðvíksdóttir og Daði Harðarson sýningu keramikverka í Gallerí List.

Þau Eydís og Daði hafa rekið eigið leirkeraverkstæði að Ási, Mosfellsbæ síðan í nóvember 1987, og gert þar fjölda tilrauna með postulínsleir og glerunga, og er afrakstur þeirra tilrauna til sýnis í Gallerí List.

Eydís Lúðvíksdóttir er fædd 1950, og hefur síðan hún lauk prófi frá kennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1971, starfað meðal annars við myndmenntakennslu, útstillingar, og hönnun hjá Gliti hf. Hún hélt einkasýningar að Kjarvalsstöðum 1985 og 1987.

Daði Harðarson er fæddur 1958, lauk námi í keramikdeild Myndlista- og handíðaskólans 1982 og var næstu tvö árin gestanemi við Skolen for Brugskunst í Kaupmannahöfn. Hann rak sjálfstætt verkstæði í Kaupmannahöfn 1984-85, og starfaði við vöruþróun og hönnun hjá Gliti hf á árunum 1985-87. Hann hélt einkasýningu í Gallerí Langbrók 1985.

Sýningin stendur til 10. apríl og er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og kl. 14:00-18:00 helgidaga. Lokað á föstudaginn langa.